

080/01 - Mánatindur SU 359

Mánatindur SU 359, eldur um borð, að veiðum norður af landinu

Mánatindur SU 359

Skipaskr.nr.: 0236

Smíðaður: Trondheim Noregi 1963 Stál

Stærð: 142,00 brl; 271,00 bt

Lengd: 35,86 m **Breidd:** 6,90 m **Dýpt:** 5,77 m

Vél: Stork 736,00 kW **Árgerð:**

Annað:

Földi skipverja: 5



Atvikalýsing

Hinn 21. ágúst 2001 var Mánatindur SU 359 að rækjuveiðum norður af Húnaflóa. Veður: ANA 15-18 m/sek. og bræla.

Rétt fyrir miðnætti fór brunaviðvörnarkerfið í gang og gaf til kynna eld í vélarúmi. Skipstjóri og vélstjóri fóru niður í vélarúm en sáu ekkert athugavert þar. Þeir slöktu því á aðvörnarkerfinu en u.þ.b. fimm til tíu mínútum síðar fór aðvörnarkerfið aftur í gang og gaf til kynna eld miðskips og í íbúðum í afturskipi. Í þetta skipti fundu þeir brunalykt og sáu mikinn reyk koma frá mannaíbúðunum aftur í. Í ljós kom að eldurinn kom frá klefa stýrimanns og reyndu skipverjar að slökkva hann með handslökkvitækjum klæddir reykköfunarbúningum. Skipverjum tókst ekki að slökkva eldinn, undirbjuggu að yfirgefa skipið og lokuðu öllu sem hægt var að loka. Þeir sáu þá reyk stíga frá lofttúðu frá mannaíbúðunum og tóku sjóslöngu og sprautuðu niður um hana. Tókst þeim þannig að slökkva eldinn.

Skipstjórinn lét setja út báða gúmmíbjörgunarbáta skipsins og hafði þá til reiðu á sitthvorri síðu ásamt því að láta skipverja fara í björgunarbúninga. Hann gerði einnig ráðstafanir um aðra björgun, bæði við nærstaddan bát og óskað eftir að þyrlla yrði höfð í viðbragðsstöðu, ef til kæmi. Skipinu var siglt fyrir eigin vélarafli til hafnar á Skagaströnd.

Við rannsókn kom fram

- að eldurinn kom upp í fremri klæðaskáp stýrimannsklefans og var hann talsvert brunninn niður fyrir miðjan skáp en ekki í gegnum skáphurðina;
- að tæring undir salerni fyrir ofan klefann hafði orsakað að vatn lak inn í loftræstistokk fyrir ofan skápinn og að öllum líkindum inn í hann;
- að í gegnum skápinn lágu raflagnir og þar inni voru tvær tengidósir, ein fyrir raflögn inn í klefann og hin fyrir eldaðvörnarkerfið. Einnig var ein heil lögn í gegnum skápinn og inn í vélstjóraklefann bakborðsmegin;
- að áliti sérfræðinga hefur sennilega hvorug þessara tengidósa orðið til þess að eldurinn kom upp:
 - i. Í tengidósinni fyrir eldvarnarkerfið er spennan 24VDC og er annars vegar fyrir skynjunarlögn og hinsvegar fyrir bjöllulögn. Hún vann á viðnámi og verði skammhlaup eða breyting á því nemur kerfið það og skilgreinir sem eldboð og sendir eldviðvörn. Eldvarnarkerfið sendir líka stöðugt út púls á skynjunarrásina sem kerfið notar til að athuga hvort rásin sé í lagi, rofni rásin koma fram bilanaboð á stöðinni. Bjöllurásin er straumlaus nema ef eldboð koma fram á eldvarnarkerfinu. *Rafvirkjameistari sem skoðaði*

vettvang sagði nánast útilokað að eldur hafi komið upp í þessari dós vegna eðlis hennar.

ii. Hinar lagnirnar tvær þ.e.a.s. straumlagnirnar fyrir klefanna voru 3x1,5 mm² blýkápukaplar og spennan á þeim 220VAC. Þær voru á sama öryggi (tveggja póla Weber L10A sjálfvar) sem var í greinitöflu staðsettri á vélarreisn. Öryggið var prófað með því að skammhlaupa yfir það og sló það vel og örugglega út. Tengidósinn fyrir raflagnirnar í stýrimannsklefanum var send til rannsóknar hjá rafmagnsöryggisdeild Löggildingarstofu með eftirfarandi niðurstöðu brunaskýrslu: *"Ekkert fannst við rannsókn rafmagnsöryggisdeildar Löggildingarstofu, sem benti til þess að eldsupptök væru frá umræddri tengidós"*

- að skipið var í sinni fyrstu ferð eftir lagfæringar, þar á meðal á loftræstistokkum;
- að viðvörðunarkerfið hafði farið í gang, sérstaklega í veltum af og til síðustu tvo sólarhringana áður en eldur braust út og gaf alltaf til kynna eld í vélarrúmi;
- að enginn neyðarútgangur var fyrir íbúðir, en það var lagfært eftir óhappið.

Nefndarálit

Nefndin telur eldsupptök vera ókunn en telur ástæðu til að "fölsk" merki frá brunaviðvörðunarkerfi séu vel athuguð strax.

Nefndin vill benda sérstaklega á að þrátt fyrir að aðvörðunarkerfið hafi verið að fara í gang í tíma og ótíma var kerfið ekki aftengt heldur kannað hverju það sætti að aðvörðun væri að berast. Þá vill nefndin taka fram að hún telur að áhöfnin hafi brugðist rétt við ástandinu um borð og öllum viðbúnaði samhliða því.